

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 137/2001**

**frá 9. nóvember 2001**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2001 frá 28. september 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/637/EB frá 22. september 2000 um beitingu e-liðar 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/5/EB gagnvart þráðlausum búnaði sem fellur undir svæðisbundið fyrirkomulag að því er varðar talstöðvarþjónustu á skipengum vatnaleiðum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/638/EB frá 22. september 2000 um beitingu e-liðar 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/5/EB gagnvart fjarskiptabúnaði um borð í skipum sem ætlaður er til uppsetningar í hafskip sem ekki falla undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS) og sem ætlaður er til þátttöku í hinu alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS-kerfið) og fellur ekki undir tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað í borð í skipum<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 4zg (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 322, 6.12. 2001, bls. 26 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 24.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 50.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 52.

- **32000 D 0637:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/637/EB frá 22. september 2000 (Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 50),
- **32000 D 0638:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/638/EB frá 22. september 2000 (Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 52).“

2. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2000/637/EB og 2000/638/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. nóvember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 9. nóvember 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*E. Bull*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

